



BORGARRÁÐ 12. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um styrkingu tengsla skóla - og frístundaráðs við skólastjórnendur - R19090139

Bréf: Tölvupóstur
Málsnúmer: SFS2019090180
Bréfalyklar: 0.2 Skóla- og frístundaráð
Eigandi skjals: Anna María Arnardóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 09/18/2019
Dagsetning skjals: 09/18/2019

Upplýsingar um viðskiptavin :

Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Skjalalykill	0.11.2 Samstarf við opinbera aðila	Málsnúmer	SFS2019090180
Móttökudags.	09/18/2019	Skráð í GoPro	18.09.2019

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	

Tegund skjals	Tölvupóstur	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		
Eldri skjalalykill		

Er flokkað eftir aldri Já Nei
skjalalykli í skjalasafni.

Sent:

Sent til:

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 18.9.2019 11:14:52

Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 12. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um styrkingu tengsla skóla- og frístundaráðs við skólastjórnendur - R19090139

Tilvísun í mál: R19090139

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá 12. september er hér með send skóla- og frístundaráði til meðferðar. Borgarráði skulu berast upplýsingar um vinnslu málsins um leið og þær berast. Sömuleiðis skal upplýsa borgarráð ef ófyrirsjáanlegar tafir verða á vinnslu málsins.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

R19090139

BORGARRÁÐ 12. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um styrkingu tengsla skóla- og frístundaráðs við skólastjórnendur - R19090139

BORGARRÁÐ 12. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um styrkingu tengsla skóla- og frístundaráðs við skólastjórnendur - R19090139

Tillaga Flokks fólksins um að skóla- og frístundaráð styrki tengsl sín og samskipti við skólastjórnendur og almennt starfsfólk í ljósi nýútkominnar skýrslu Innri endurskoðana um úthlutun fjárhagsramma til skóla. Lagt er til af Flokki fólksins að skóla- og frístundarráð fundi með skólastjórnendum í Reykjavík. Markmiðið er að Skóla- og frístundarráð komist í betri tengsl við skólastjórnendur og fólkið á gólfinu og fái að heyra frá fyrstu hendi óskir þeirra og ábendingar um hvað betur má fara. Skýrsla Innri endurskoðunar gefur sterkar vísbendingar um að Skóla- og frístundarráð sé ekki og hafi ekki verið lengi í tengslum við skólanna. Of margir milliliðir eru milli skólastjórnenda, kennara, foreldra og barnanna annars vegar og stjórnvalds borgarinnna í skólamálum hins vegar. Brúa þarf þetta bil og verður það aðeins gert ef Skóla- og frístundarráð fer í skólana með opnum huga og ræðir beint við stjórnendur, kennara og nemendur. Enda þótt fulltrúar allra skólahópa sitji fundir ráðsins er það ekki það sama og þau tengsl og tengingar sem hér eru lagðar til.



MINNISBLAÐ

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um styrkingu tengsla skóla- og frístundaráðs við skólastjórnendur

Á fundi borgarráðs 12. september 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Tillaga Flokks fólksins um að skóla- og frístundaráð styrki tengsl sín og samskipti við skólastjórnendur og almennt starfsfólk í ljósi nýútkominnar skýrslu Innri endurskoðana um úthlutun fjárhagsramma til skóla. Lagt er til af Flokki fólksins að skóla- og frístundaráð fundi með skólastjórnendum í Reykjavík. Markmiðið er að skóla- og frístundaráð komist í betri tengsl við skólastjórnendur og fólkið á gólfinu og fái að heyra frá fyrstu hendi óskir þeirra og ábendingar um hvað betur má fara. Skýrsla Innri endurskoðunar gefur sterkar vísbendingar um að skóla- og frístundaráð sé ekki og hafi ekki verið lengi í tengslum við skólanna. Of margir milliliðir eru milli skólastjórnenda, kennara, foreldra og barnanna annars vegar og stjórnvalds borgarinnar í skólamálu hins vegar. Brúa þarf þetta bil og verður það aðeins gert ef skóla- og frístundaráð fer í skólana með opnum huga og ræðir beint við stjórnendur, kennara og nemendur. Enda þótt fulltrúar allra skólahópa sitji fundi ráðsins er það ekki það sama og þau tengsl og tengingar sem hér eru lagðar til.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs leggur mikla áherslu á gott samstarf kjörinna fulltrúa í skóla- og frístundaráði við skólastjórnendur. Kjörnum fulltrúum er að jafnaði boðið að sitja fundi skrifstofunnar með skólastjórum grunnskólanna einu sinni á hvorri önn. Síðast var kjörnum fulltrúum í skóla- og frístundaráði boðið til fundar með skólastjórum 19. september 2019. Á þessum fundum gefst fulltrúum í skóla- og frístundaráði tækifæri til að hlýða á þau erindi eða kynningar sem í boði eru og taka þátt í umræðum með skólastjórnendum í grunnskólum borgarinnar.

Skólastjórar eiga fastan áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráði sem situr alla fundi þess. Skóla- og frístundaráð hefur einnig haldið fundi sína á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs þar sem ráðið hefur fengið kynningu á starfseminni.

Fulltrúum í skóla- og frístundaráði er boðið að sækja ýmsa viðburði á vegum skrifstofu skóla- og frístundasviðs, s.s. ráðstefnur sem haldnar eru í samstarfi við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og verðlaunaafhendingar. Einnig fá fulltrúar í skóla- og frístundaráði gjarnan boð á viðburði í skólunum s.s. afmæli skólanna.